

Alþingi
Erindi nr. P 139/349
komudagur 22.11.2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. Nóvember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, með síðari breytingu o.fl. (152. mál).


Lánasjóður íslenskra námsmanna fékk ekki ofangreint frumvarp til umsagnar en vill nota tækifærið og koma eftirfarandi á framfæri:

1. Í 3. gr. laganna lið g. er fjallað um undanþágu námslána frá greiðsluaðlögun. Lagt er til að það ákvæði verði þrengt þannig að almenn skuldabréf sem stofnað er til vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána falli undir almenna greiðsluaðlögun. Meginrökin fyrir þessu eru þau að endurgreiðsla þessara lána tekur ekki tillit til aðstæðna hverju sinni og því er ekki hægt að nýta almenn úrræði lánasjóðsins í kjölfar greiðsluaðlögunar.

Í framhaldi af orðunum „skulda vegna námslána“ kæmi „nema almenna skuldabréfa sem stofnað er vegna vanskila, ofgreiðslu námslána eða markaðskjaralána,“

2. Lánasjóðurinn hefur áður bent á mikilvægi þess að tryggja námsmönnum framfærslu á meðan þeir bíða eftir úrlausn sinna mála. Vilji er fyrir því hjá sjóðnum að veita námslán til þeirra sem sækja um greiðsluaðlögun, en þar sem námslán eru greidd út eftir að námsárangur liggur fyrir þarf að tryggja áframhaldandi fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka námsmannsins. Sjóðurinn og SFF hafa fundað um lausn í þessum málum en heppilegast er talið að framfærslureikningum námsmanna í bönkunum verði haldið utan við greiðsluskjólíð og þar með er fyrirgreiðsla vegna námslána tryggð þar til námslán eru greidd út skv. reglum sjóðsins. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að svokölluð ofgreiðsla getur myndast ef námsmaður hefur fengið ofgreitt námslán vegna skólagjalda eða framfærslu. Lagt er til að slíkt lán verði meðhöndluð eins og talað er um í lið 1. hér að ofan.

f.h. Lánasjóðs íslenskra námsmanna



Guðrún Ragnarsdóttir
framkvæmdastjóri